



Frétt nr. 6/2025

19.6.2025

Leiðandi hagvísir Analytica – Áfram jákvæð þróun en komur ferðamanna undir leitni


Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði í maí níunda mánuðinn í röð. Væntingavísitala Gallup sem er einn sex undirþáttu leiðandi hagvísis hækkaði skarpt í maí í kjölfar litlu snarpari dýfu í apríl.

Fjórir af sex undirliðum hækka frá í apríl. Aukning vöruinnflutnings, debetkortaveltu og aflamagns hafa mest að segja á jákvæðu hliðinni. Hins vegar virðast komur ferðamanna um Keflavíkurflugvöll undir langtímaleitni í maí. Umtalsverð óvissa er áfram tengd þróun alþjóðastjórnsmála sem og óvissa í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendipunkta í efnahagsumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísítölunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísítölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni

Langtímaleitni = 100




Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 máð. á undan þróun landsframleiðslu.

Á mynd 2 má sjá þróun á fjölda flugfarþega sem koma til landsins um Keflavíkurflugvöll, árstíðaleiðrétt og jafnaða fyrir tímabilið 2007-2025. Um er að ræða einn af undirþáttum leiðandi hagvísisins. Þessi undirþáttur leiðir þó einna minnst í tíma.

Dökkblái ferillinn á mynd 2 sýnir frávik farþegafjölda frá langtímaleitni. Sjá má að komum farþega til landsins er farið að fækka í samanburði við langtímaleitni og eftir að leiðrétt hefur verið fyrir árstíðabundnum sveiflum. Þessi undirþáttur er annar tveggja sem hefur neikvæð áhrif á hagvísinn þennan mánuðinn. Fyrst var bent á lækkun þessa undirþáttar í febrúar 2023 þótt mun skýrari merki séu nú komin fram m.v. hágildið árið 2023.

Mynd 2. Komufarþegar um Keflavíkurflugvöll – Frávik frá langtímaleitni

Tölur árstíðaleiðréttar og jafnaðar



Sami ferill og birtur er á mynd 2 er einnig sýndur á mynd V2 í viðauka en tilgangurinn með mynd 2 er að draga fram þá þróun sem þar birtist.

Leiðandi hagvísi Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjöldi, heimsvísítölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísítölu Gallup. Í maí hækka fimm af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í apríl hækka hins vegar fjórir af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.¹

Hugmyndin að baki vísitolunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbindingar um eftirsprung eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

¹ Gildin á mynd V2 eru nú sýnd á sk. stöðluðu formi, þar sem stærðir eru stilltar á meðaltal=0 og staðalfrávik=1.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar í maí og tekur gildið 100,3, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í nóvember 2025. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2024-2025







	Vísitala	Breyting (%)		Vísbending fyrir
		í mánuði	frá fyrra ári	
2024				
maí	98.0	-0.3%	-3.5%	nóv.
júní	97.7	-0.3%	-3.4%	des.
júlí	97.6	-0.1%	-3.4%	jan. 2025
ágúst	97.6	0.0%	-3.4%	feb.
september	97.8	0.2%	-3.1%	mars
október	98.2	0.4%	-2.4%	apríl
nóvember	98.6	0.4%	-1.5%	maí
desember	99.0	0.4%	-0.8%	júní
2025				
janúar	99.3	0.3%	-0.1%	júlí
febrúar	99.6	0.3%	0.6%	ágúst
mars	99.8	0.2%	1.2%	sept.
apríl	100.1	0.2%	1.8%	okt.
maí	100.3	0.3%	2.4%	nóv.

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir maí er áætluð þann 18/7 2025.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Prósentubreyting frá fyrra ári *



Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keöjtengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.







Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni



Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvítsitala hlutabréfa: Heimsvítsitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfyrirtæki á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfaviðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnreknda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins <http://www.analytica.is>